



Starfsábyrgðartrygging

Löggiltra hönnuða aðal- og séruppdráttá

Skilmáli SA-7

Hönnuðum er skylt að kaupa og viðhalda starfsábyrgðartryggingu samkvæmt lögum um mannvirki nr. 160/2010. Starfsábyrgðartrygging löggiltra hönnuða aðal- og séruppdráttá hefur þann tilgang að bæta almennt fjártjón sem getur komið upp vegna verkefna sem liggja til grundvallar við hönnun mannvirkja.

Tryggingin er gefin út samkvæmt 5. mgr. 23. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010 og reglugerð um starfsábyrgðartryggingar hönnuða og byggingarstjóra. nr. 271/2014.

Um váttrygginguna gilda váttryggingarskírteinið ásamt áritun og sérskilmálum, sérskilmálar þessi, almennir skilmálar félagsins nr. AS-1 og ákvæði laga um váttryggingarsamning nr. 30/2004, hér eftir vsl. Ákvæði í skilmála þessum gagna framár ákvæðum í almennum skilmálum ef ekki er fullt samræmi þar á milli.

Í skilmála þessum merkir hugtakið „félagið“ Vörður tryggingar hf.

1. Kafli. Bótasvið

1. gr. Hvað bætir tryggingin?

Váttryggt er gegn bótaskyldu, er fellur á váttryggðan sem löggiltan hönnuð uppdráttá, þegar eigandi mannvirkis verður fyrir almennum fjártjóni, sem rakið verður til hönnunarstarfs váttryggðs og hann hefur ábyrgst með áritun á teikningu sína, sbr. 23. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010.

2. gr. Hvað bætir tryggingin ekki?

Váttryggingin tekur ekki til ábyrgðar, sem rakin verður til:

- ásetnings váttryggðs eða starfsmanns hans.
- ábyrgðar sem váttryggður tekur á sig og er víðtækari en lögmælt bótaskylda hans sem hönnuðar, er löggilding hans nær til.
- sekta eða annarra viðurlaga, sem falla á váttryggðan eða þriðja mann.
- slyss á manni, annars líkamstjóns eða skemmda á munum.
- starfsemi váttryggðs utan Íslands eða bótaábyrgðar sem er ríkari en eftir íslenskum reglum um skaðabótagrundvöll eða ákvörðun bótafjárhæðar.

2. Kafli. Almenn ákvæði

3. gr. Hver er váttryggður?

Váttryggður er sá löggilti hönnuður sem tiltekinn er í váttryggingarskírteini.

4. gr. Hvar gildir tryggingin?

Váttryggingin gildir á Íslandi.

5. gr. Gildistaka

Váttrygging þessi tekur gildi þegar að félagið eða umboðsmaður þess hefur samþykkt váttryggingarbeiðni.

6. gr. Váttryggingarfjárhæð

Váttryggingarfjárhæðir í hverju tjonstilviki og á hverju váttryggingartímabili er tiltekna á váttryggingarskírteini. Fjárhæðir þessar breytast eftir vísitölu, sbr. 15. gr. skilmálans.

Félagið greiðir kostnað, sem eðlilegt er að váttryggður stofni til vegna ákvörðunar um skaðabótaskyldu eða bótafjárhæð, enda þótt greiðsla félagsins fari af þeim sökum fram úr váttryggingarfjárhæðinni. Sama gildir um vexti, sem váttryggður er dæmdur til að greiða af skaðabótakröfu, sem váttryggingin tekur til.

Sé váttryggingarfjárhæðin lægri en dæmdar skaðabætur, er félaginu þó aðeins skylt að greiða þann hluta vaxta og kostnaðar, er svarar til bótafjárhæðar þeirrar, sem því ber að greiða.

7. gr. Eigin áhætta

Af hverju tjóni ber váttryggingartaki eigin áhættu eins og getið er í váttryggingarskrifteini. Fjárhæð þessi breytist árlega eftir vísitölu, sbr. 15. gr. skilmálans. Eigin áhætta váttryggingartaka hefur ekki áhrif á réttarstöðu eiganda mannvirkis.

8. gr. Uppsagnarréttur

Váttryggingunni lýkur hafi leyfi váttryggðs til að gegna störfum hönnuðar verið fellt niður eða hafi hann lagt inn starfsleyfi sitt. Falli váttrygging úr gildi ber félaginu að tilkynna það Húsnæðis- og mannvirkjastofnun og váttryggingartaka skriflega, nema önnur fullnægjandi váttrygging hafi verið tekin. Enda þótt váttryggingin sé fallin úr gildi ber félagið ábyrgð gagnvart eigenda mannvirkis á hverju tjóni sem rekja má til tjónsatvika sem verða þar til fjórar vikur eru liðnar frá því að félagið tilkynnti Húsnæðis- og mannvirkjastofnun að váttrygging væri fallin úr gildi nema önnur fullnægjandi trygging hafi verið tekin.

9. gr. Ábyrgðartími

Váttryggingin tekur til ábyrgðar vegna atvika sem eiga sér stað á váttryggingartímanum og tjón hefur hlotist af. Komi afleiðingar atvika, sem tjón hefur hlotist af og gerst hafa á váttryggingartímanum, ekki í ljós fyrr en váttryggingin er fallin úr gildi, greiðir félagið samt sem áður bætur, þó með þeim takmörkunum sem leiða af öðrum reglum váttryggingarskilmála um tímafresti og fyrningu. Félagið greiðir ekki bætur fyrir tjón vegna atvika, sem verða áður en váttryggingartíminn hefst, enda þótt tjónið komi ekki í ljós fyrr en á váttryggingartímanum.

10. gr. Meðhöndlun skaðabótakröfu

Jafnskjótt og váttryggður fær vitneskju eða grun um að skaðabótakrafa verði gerð á hendur honum ber honum að tilkynna félaginu það skriflega.

Sé gerð skaðabótakrafa á hendur hinum váttryggða hefur félagið fyrirsvar vegna þeirrar kröfu og eru heimilar hvers kyns ráðstafanir til þess að meðhöndla kröfuna, svo sem viðurkenningu á bótaskyldu, verjast kröfunni eða gera um hana samkomulag enda eru þessar ráðstafanir á kostnað félagsins svo og málskostnaður vegna þeirra.

Félagið er ekki bundið af því ef váttryggður greiðir eða viðurkennir skaðabótakröfu nema leitt sé í ljós að váttryggður gerði aðeins það sem honum var skylt að lögum er hann greiddi kröfuna eða viðurkendi réttmæti kröfunnar.

Félagið kemur fram fyrir hönd hinna váttryggðu og ræður málsmeðferð allri og annast málsmeðferð fyrir dómstólum ef á reynir.

11. gr. Aukin áhætta

Verði breytingar á atvikum eða upplýsingum, sem félaginu hefur verið skýrt frá í váttryggingarbeiðni, eða á annan hátt, skal váttryggingartaki tilkynna félaginu um þær.

12. gr. Endurkröfuréttur

Bæti félagið tjón sem eigandi mannvirkis ber ábyrgð á, öðlast það rétt váttryggðs gagnvart honum að því marki sem bótunum nemur.

Félagið á ætíð endurkröfurétt á hendur váttryggingartaka/váttryggðum hafi félagið greitt bætur eftir að váttrygging hefur fallið niður, sbr. 8. gr. skilmálans.

13. gr. Endurgreiðsla iðgjalds

Nýti váttryggingartaki eða félagið sér heimildir sínar, skv. þessum skilmála eða ákvæðum vsl. til þess að slíta váttryggingarsamningnum á váttryggingartímabilinu, endurgreiðir félagið iðgjald váttryggingarinnar hlutfallslega.

14. gr. Samsömun

Félaginu er heimilt að bera fyrir sig að starfsmenn váttryggingartaka eða váttryggðs hafi brotið gegn ákvæðum váttryggingarinnar skv. 3. mgr. 29. gr. vsl.

15. gr. Vísitölubreytingar

Vátryggingarfjárhæðir skv. 6. gr. og eigin áhætta skv. 7. gr. miðast við byggingarvísitölu, grunnvísitala 596,3 stig. Skulu þær breytast 1. janúar ár hvert í hlutfalli við breytingar á þeirri vísitölu.

Skilmálar þessir gilda frá 01.01.2023